

## REGLUR

### um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í meðferð psoriasis- og exemsjúklinga.

#### 1. gr.

Reglur þessar gilda um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í meðferð sjúkratryggðra psoriasis- og exemsjúklinga sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert samninga um, sbr. þó reglugerð nr. 83/1981 um greiðslur sjúkratrygginga fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum, og auglýsingu (gjaldskrá) nr. 233/1981.

#### 2. gr.

Skilyrði meðferðar er að sjúklingur hafi undirgengist mat læknis á meðferðarþörf. Matið skal staðfest af húðlækni meðferðaraðila.

#### 3. gr.

Hámarksfjöldi meðferðarskipta hjá hverjum sjúklingi er 21 skipti á hverju meðferðar-tímabili.

#### 4. gr.

Sjúkratryggingar greiða að fullu meðferð samkvæmt gildandi samningum. Sjúklingar bera sjálfir kostnað við ferðir vegna meðferðarinnar.

#### 5. gr.

Beri meðferð hér á landi ekki árangur og sjúklingi því brýn nauðsyn á að vistast á erlendu sjúkrahúsi eða meðferðarstofnun er unnt að sækja um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna slíkrar meðferðar samkvæmt 35. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 („siglinganefnd“).

#### 6. gr.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði með stoð í 2. mgr. 33. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og tóku gildi 1. desember 1995. Jafnframt féllu úr gildi reglur tryggingaráðs frá 18. ágúst 1995 um greiðslu kostnaðar vegna sjúklinga sem vistast á sjúkrahúsi fyrir psoriasisjúklinga í sólarlöndum.

*Tryggingastofnun ríkisins, 8. maí 1998.*

**Bolli Héðinsson.**

---

*Karl Steinar Guðnason.*




## AUGLÝSING

### um takmörkun á heildarþyngd og áspunga ökutækja.

Með vísan til 13. gr. reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja nr. 425/1995 takmarkar Vegagerðin tímabundið mestu leyfða heildarþyngd og leyfðan áspunga á vegum þegar nauðsyn krefur miðað við burðarþol brúar eða vegar.

Á vegum þar sem takmarka verður leyfðan áspunga við 2, 5, 7 eða 10 tonn gilda eftirfarandi reglur um mestu leyfða heildarþyngd og áspunga:

Þungi skal vera sem hér segir:

| Þegar áspungi er takmarkaður við 10 tonn er tvíáspungi miðaður við að bil milli ása sé 1,3 - 1,8 m og 1,3 - 1,4 á þríás. | Burðarflokkar                                                                       |                                                                                                  |                                                                                   |                                                                                    |                                                                                     |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
|                                                                                                                          |                                                                                     |  <sup>*1)</sup> |  |  |  |
|                                                                                                                          | Ásar                                                                                | 10 tonn                                                                                          | 7 tonn                                                                            | 5 tonn                                                                             | 2 tonn                                                                              |
| Ás með tveimur hjólum                                                                                                    |    | 7                                                                                                | 5 <sup>*2)</sup>                                                                  | 3                                                                                  | 2                                                                                   |
| Ás með fjórum hjólum                                                                                                     |    | 10                                                                                               | 7                                                                                 | 5                                                                                  | 2                                                                                   |
| Tvíás með fjórum hjólum                                                                                                  |    | 11                                                                                               | 7                                                                                 | 5                                                                                  | 2                                                                                   |
| Tvíás með átta hjólum                                                                                                    |    | 16                                                                                               | 11                                                                                | 8                                                                                  | 2                                                                                   |
| Tvíás með sex hjólum                                                                                                     |    | 13,5                                                                                             | 9                                                                                 | 6,5                                                                                | 2                                                                                   |
| Þríás með sex hjólum                                                                                                     |   | 16                                                                                               | 11 <sup>*3)</sup>                                                                 | 8 <sup>*3)</sup>                                                                   | 2                                                                                   |
| Þríás með tólf hjólum                                                                                                    |  | 22                                                                                               | 15 <sup>*3)</sup>                                                                 | 11 <sup>*3)</sup>                                                                  | 2                                                                                   |
| Heildarþungi samtengdra ökutækja                                                                                         |                                                                                     | 40                                                                                               | 27                                                                                | 19                                                                                 | 4                                                                                   |

\*1) Reglur samkvæmt viðauka II í reglugerð nr. 425/1995 um stærð og þyngd ökutækja.

\*2) Lágmarkskrafa um hjólbarðastærð 1100 x 20. Fyrir minni hjólbarða er leyfður 4ra tonna áspungi.

\*3) Lágmarkskrafa um hjólbarðastærð 1100 x 20. Fyrir minni hjólbarða reiknast þríás með sex hjólum sem tvíás með fjórum hjólum. Þríás með tólf hjólum reiknast sem tvíás með átta hjólum.

Auglýsing þessi tekur gildi þegar í stað.

Reykjavík, 1. júní 1998.

Vegagerðin,

Helgi Hallgrímsson.

*Björn Ólafsson.*